

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 12. apríl 2018 | 15. tbl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

VÖRDUSTÍGUR



Einbýli í hjarta Hafnarfjarðar
152m² 69,8 millj. kr.

Glæsilegt gamalt uppgert einbýlishús á einstökum stað. Eignin er öll mikið endurnýjuð á smekklegan hátt.

ESKIVELLIR 9A



Nýtt á skrá
80m² 38,9 millj. kr.

Björt og falleg 3ja herb. íbúð á 4. hæð í góðu lyftuhúsi með sér inngangi af svalagangi. Stofan er rúmgöð og björt.

VESTURBRAUT 24



Falleg íbúð
45,5m² 26,9 millj. kr.

Sérlega falleg og björt 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð í fallegu uppgerðu húsi (þríbýli) í Vesturbænum.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA


Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR
VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

Farsi í bæjarstjórn og stjórnsýslunni

Formgalli á veikindaleyfi Guðlaugar og hún komin aftur

Farsinn í bæjarstjórn hefur tekið nýjan stefnu er Guðlaug Svala Steinunn Kristjánsdóttir mætti óvænt á aukafund bæjarráðs sl. mánudag og tilkynnti starfandi forseta bæjarstjórnar símleidis að formgalli hafi verið á veikindaleyfi hennar og því hafi hún í raun aldrei farið í veikindaleyfi. Boðaði hún komu sína á bæjarstjórnarfund í gær miðvikudag.

Form veikindaleyfis Guðlaugar var skv. leiðbeiningum bæjarlögmanns sem nú eftir umfjöllun um málið hefur

snúist hugur og telur að afgreiðslan hafa ekki verið í samræmi við sveitarstjórnarlög. Ekki var á útsendri dag-

skrá fundarins gert ráð fyrir umfjöllun um þetta mál.

Lesið má ítarlega umfjöllun um málið á fjardarfrettir.is



Slökkt í sinueldi á íþróttasvæði Hauka sl. mánudag.



Bílaverk ehf.

bílamálun & réttingar



KAPLAHRAUNI 10
sími 55 0708



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Opið kl. 8-17 virka daga

Skóðuðu tertúirvalið á kakulist.is



Kakulist vendunarmóttöðinni Fróði Hafnarfirði
Kakulist Hólagata 17 Reykjavík
Kakulist Sími 555 66 55
Kakulist@kakulist.is

hafnfirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skóðuðu nýjustu fréttirnar - eða leitaðu í fréttasafninu

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Sunnudagur 15. apríl

Messa kl. 11

Kór Víðistaðasóknar

syngur undir stjórn

Kristínar Jóhannesdóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Inigbergsson.

Sunnudagaskólinn kl. 11

María og Bryndís leiða stundina.

Aðalsafnaðarfundur

verður haldinn í safnaðarheimilinu að guðþjónustu lokinni

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

www.vidistadakirkja.is

La stravaganza í Hafnarborg

Barrokktonleikar á laugardag

Á laugardaginn kl. 17 verða halndir barrokk-tonleikar í Hafnarborg en þá mun tólf manna strengjasveit leika verk frá barrokkímabilinu og er yfirskrift tónleikanna La stravaganza.

Þeir sem spila eru:

Ágústa María Jónsdóttir, Hlíf Sigurjónsdóttir, Kristján Matthíasson, María Weiss, Martin Frewer, Sigrún Harðardóttir, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir leika á fiðlu. Eyjólfur Bjarni Alfreðsson og Sarah Buckley leika á víólu. Þórdís Gerður Jónsdóttir leikur á selló og Páll Hannesson leikur á bassa. Frítt er inn á tónleikana.

Efnisskrá:

A. Vivaldi (1678-1741) - La stravaganza, fiðlukonsert Op. 4 nr. 1.

U.W. Van Wassenaer (1692-1766) - 6 Concerti Armonici nr. 1.

J.M. Leclair (1697-1764) - fiðlukonsert Op. 7 nr. 1

A. Vivaldi (1678-1741) - Konsert fyrir strengi RV 156.

J.S. Bach (1685-1750) - Konsert fyrir tvær fiðlur

C. Tassarini (1690 - 1766) - La stravaganza Op. 4.



Strengjasveitin sem leika mun á tónleikum í Hafnarborg á laugardaginn kl. 17.

Laugardagurinn 14. apríl:

Fermingarmessur kl. 11 og 13

Sunnudagurinn 15. apríl:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 15. apríl

Fermingarmessa og sunnudagaskóli kl. 11

Skráning fermingarbarna 2018-2019 hafin

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Auglýsingar

sími 565 4513 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

leiðarinn



Pólítikin í Hafnarfirði hefur tekið margar dýfur undanfarið eftir nokkuð rólegt kjörtímabil. Úrsögn bæjarfulltrúanna Guðlaugar og Einar Birks úr Bjartri framtíð fyrir skömmu hefur ýtt upp sár og allt er gert til að varamenn taki ekki sæti, jafnvel er gengið svo langt að ekki er farið eftir samþykktum um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar um varamenn í bæjarráð og lögmætum varamanni haldið frá fundi. Þetta gerist eftir að Guðlaug, forseti bæjarstjórnar tilkynnir um forföll frá störfum í bæjarstjórn sem er afgreitt með röngum hætti þó málið hafi verið undirbúið í stjórnsýslu bæjarins. Hvergi kom neitt fram í afgreiðslu bæjarstjórnar að Guðlaug væri að fara í veikindaleyfi og staðfesti sjálf við undirritaðan að hún tæki sér fri vegna þess að hún hafi ofkeyrt sig og þyrfti að hlaða batteriinn.

Nú staðfestir svo bæjarlögmaður að ranglega hafi verið staðið að leyfinu og hún telur sig því ekki hafa farið í fri.

Svona hringlandaháttur á ekki að geta gerst í svona stóru sveitarfélagi og ef bæjarfulltrúi þarf að taka sér leyfi frá störfum vegna veikinda eða annarra aðstæðna á stjórnsýslan að geta leiðbeint um réttan farveg slíkra beiðna. Fær stjórnsýslan hreinlega fallelukunn ekki sist vegna þess að hún leiðbeindi heldur ekki um það hver ætti að taka sæti varamanns fyrir varamann í bæjarráði. Þá hlýtur að vera hægt að ætlast til þess að aðrir bæjarfulltrúar hefðu líka átt að þekkja til samþykktu um Hafnarfjarðarkaupstað eftir langa setu í bæjarstjórn.

Eins og ofangreint væri ekki nægur efniviður í farsann þá rígheldur annar fyrnum fulltrúi Bjartrar framtíðar, Einar Birks Einarsson í sinn stól þó hann hafi sannarlega flutt úr bænum og hafi skráð pósthaf sitt í Kópavogi. Hann flutti lögheimili einfaldlega til ættingja í Hafnarfirði og finnst það sjálfsgætt og eðlilegt.

Síðferði íslenskra stjórnmálamanna ríður ekki einteyming í þessum efnunum og dapurlegt að menn hafi ekki manndóm í sér að segja af sér þegar þeir sannarlega flytja úr bænum.

Svo til að krydda farsann bætast kosningaloforð upp á tvö knattspyrnuhús sem kosta hátt í 3,5 milljarða, 2 milljörðum meira en nota á næstu árin.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er www.utfararstofa.is

Tilboð í knattspyrnuhús í Kaplakrika 53% yfir fjárhagsáætlun

Heildarkostnaður lægstbjóðanda 1.237 milljónir króna - Samtals 1.550 milljónir á áætlun til 2021 til allra framkvæmda

Aðeins þrjú tilboð bárust í byggingu knattspyrnuhúss í fullri stærð sem Hafnarfjarðarbær áformar að byggja í Kaplakrika.

Í útboðinu var gert ráð fyrir jarðvinnu og gerð stoðveggja sem í sjálfu sér er ekki hluti af byggingunni en bjóðendur buðu frá 119,5-134,6 milljónum í þann hluta.

ÞG verk ehf.: 1.102.864.855 kr.

- Heild: 1.237.404 kr.

Munck Ísland ehf.: 1.154.439.374 kr.

- Heild: 1.275.065.734 kr.

Spennt ehf. bauð 1.130.317.568 kr.

- Heild: 1.249.779.493 kr.

Allir gerðu ráð fyrir byggingu tjalldhúss enda var það nánast fyrirlagt í útboðsgögnum.

Gert var ráð fyrir 720 milljónum kr. í verkið í fjárhagsáætlun bæjarins og því ljóst að tilboðin er langt yfir fjárhagsáætlun. Er lægsta tilboðið 53% yfir því sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og ef jarðvinna og gerð stoðveggja er tekin með er munurinn 72%.

LOFUDU TVEIMUR HÚSUM FYRIR 1.200 - 1.600 MILLJÓNIR SAMTALS

Hlýtur þetta að raska verulega áætlunum bæjarins og ekki síður pólitískum lofordum um byggingu tveggja knattspyrnuhúsa í bænum í stað eins.

Þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram þá tillögu á bæjartjórnarfund 21. júní 2017 þá gerðu þeir ráð fyrir því að árlega færu 300-400 milljónir á ári

ráð fyrir að árlega fari 300-400 milljónir króna af eigin fé sveitarfélagsins, í framkvæmdirnar næstu fjögur árin.

ENGIN KOSTNAÐARÁÆTLUN

Ekki var gerð kostnaðaráætlun enda hafði verið tekin pólitísk ákvörðun um byggingu hússins sem byggði á áætlunum FH um kostnað við byggingu tjalldhúss.

Umhverfis- og framkvæmdaráð áréttaði á fundi sínum 4. apríl sl. að framkomin tilboð séu verulega yfir þeim fjárhæðum sem áætlaðar eru til verkefnisins á fjárhagsáætlun og ekki í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar næstu þriggja ára um fjárfestingar íþróttamannvirkja sem kalli á endurnat.

Málið var ekki á dagskrá bæjartjórnar og mun líklega verða tekið fyrir aftur á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs. Þá eru enn lausir endar þar sem skipulag svæðisins var samþykkt með fyrirvörum, m.a. um bílastæðamál sem eru háð samþykki nærliggjandi lóðarhafa um notkun á þeirra stæðum. Það kann að vera snúið þar sem lítið er af lausum bílastæðum á nærliggjandi lóðum.

ANNAÐ DÝRARA KNATTHÚS SMÞYKKT Í KOSNINGABARÁTTU?

Heitar umræður hafa verið meðal íbúa á Völlum sem vilja knattthús á Ásvöllum og hefur hamangurinn verið svo mikill að þrýstingur var á



Kaplakrikavöllur


næstu 4 árin og gerðu því ráð fyrir því að tvö knattspyrnuhús kostuðu samtals 1.200 - 1.600 milljónir kr. sem í dag virðist aðeins duga fyrir um einu óupp-hituðu tjalldhúsi.

Svona hljóðaði tillagan: „Lagt er til að Hafnarfjarðarbær fjármagni og framkvæmi uppbyggingu aðstöðu til iðkunar knattspyrnu í bæjarsvæðinu á árunum 2018-2021. Byggð verði knattthús að Kaplakrika og á Ásvöllum samkvæmt tillögum Fimleikafélags Hafnarfjarðar og knattspyrnufélagsins Hauka. Gert er

leikmenn 2. flokks Hauka um skrá sig í Sjálfstæðisflokkinn sem hafði lofað tveimur knattthúsum. DV fjallaði um málið vegna óánægju foreldra.

Í svari við fyrirspurn til bæjartjórnar segir að í greinargerð með fjárhagsáætlun sé „gert ráð fyrir að varið verði í framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja næstu ár um 450 milljónum króna á ári.“

Nú liður brátt að kosningum og hart er þrýst á bæjarfulltrúa að lofa þessum framkvæmdum fyrir kosningar. Í grein-



Deiliskipulag Kaplakrika. Appelsínugulir reitir merkja byggingarreiti.

argerð með fjárhagsáætlun var lofað að skrifa undir samning um byggingu knattthúss fyrir Hauka en ljóst að mikið vantar upp á að gert sé ráð fyrir fjármagni til byggingarinnar á næstu árum.

FJÁRMAGN TIL FRAM- KVÆMDANNA EKKI Í FJÁRFESTINGARÁÆTLUN

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir 200 millj. kr. árið 2018 og 450 millj. kr.

árin 2019-2021 sem er samtals 1.550 milljónir kr. en ljóst að kostnaður við tjalldhúsið eitt á Kaplakrika er ekki undir 1.200 milljónir og fleiri íþróttfélög biða eftir framkvæmdum hjá sér. Í forgangsroðun ÍBH sem Hafnarfjarðarbær hefur samþykkt að fylgja er næst á eftir knattthúsinu 4.200 m² reidskemma fyrir Sörla og þar á eftir kemur knattthús á Ásvöllum sem ætla megi að kosti hátt í 2 milljarða kr.



UMHVERFISVAKTIN

Viltu vera með á umhverfisvaktinni?

Öllum félögum, samtökum og hópum í Hafnarfirði stendur til boða að sækja um þátttöku í Umhverfisvaktinni gegn fjárfstyrk. Verkefnið snýr að umhirdu og fegrun bæjarins og er markmiðið sem fyrr að efla umhverfisvitund íbúa, fegurri bær og aukin hreinsun.

Hafnarfirði hefur verið skipt upp í svæði og komast aðeins tólf hópar að í hvert skipti. Hóparnir hreinsa sitt svæði tvisvar sinnum á ári, einu sinni á tímabilinu 6. maí - 5. júní og einu sinni á tímabilinu 1. - 27. september. Við úthlutun á svæði er tekið tillit til hóps og umhverfis.

Umsóknarfrestur til 20. apríl 2018
Umsóknir eiga að berast á netfangið:
ishmael@hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Skólasamfélag í fremstu röð

Í okkar góða sveitarfélagi eru öflugir leik- og grunnskólar. Hafnarfjörður á að búa þannig um hnútana að önnur sveitafélög horfi til okkar hvað varðar fjölbreytt og öflugt skólastarf. Hafnarfjörður á að setja sér það markmið að skólasamfélagið okkar skipi sér í fremstu röð skólasamfélaga landsins.

Álag í starfi starfsmanna leik- og grunnskóla er mjög mikið. Mikilvægt er að viðurkenna það álag og leita leiða til að draga úr því. Á síðasta skólaári var farið í að skoða álagspætti í starfi grunnskólakennara. Margt kom út úr þeirri vinnu sem þarf að greina betur og vinna með. Það þarf einnig að greina álagspætti í starfi annarra starfsmanna grunnskólans. Fjölmarginir sem vinna innan grunnskóla eins og skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar og þroskajálfar. Það þarf að hlúa vel að þessum starfsmönnum því þeir, ásamt kennurum, eru ómissandi í daglegu starfi.

Mikilvægt er að skoða starfsumhverfi starfsmanna á leikskólum og greina

álagspætti og hvað við getum gert betur, svipuð vinna þarf að fara fram þar eins og var farið í með grunnskólakennurum.

Það er staðreynd að fleiri og fleiri hætta störfum eða fara í langtímaveikindaleyfi vegna álags. Því þarf að bregðast við.

Skólasamfélag í fremstu röð hefur á að skipa faglegu og öflugu starfsfólki, metnaðarfullum nemendum, áhugasömum og virkum foreldrum og öflugu nærsamfélagi. Við erum svo heppin að það er þannig hér í Hafnarfirði en það sem vantar uppá er aukið samstarf á milli allra aðila. Þurfum að efla það. Orðræðan um skólastarf er oft of neikvæð og því þurfum við að breyta. Tölum um það sem er vel gert og höldum því á lofti. Saman getum við náð svo langt. Samvinnan og samheldnin skiptir öllu máli. Sterkari saman fyrir hafnirskt skólastarf.

Höfundur er skólastjóri Öldutínsskóla og skipar annað sætið á lista Framsóknar og óháðra.



Valdimar Víðisson

Fjárfestum í unga fólkinu í Hafnarfirði

Unga fólkið er framtíð Hafnarfjarðar. Þess vegna er mikilvægt að hlúa vel að þeim og bjóða upp á menntun, íþróttir

Hvetjum ungmenni til að stunda íþróttir og tómstundir

Svarið felst m.a. í að hvetja ungmenni til að stunda íþróttir og tómstundir en þar myndast oft vinatengsl sem vara alla mannsævina. Íþróttir og tómstundir styrkja ungmenni á allan hátt enda geta flestir fundið sér áhugamál sem hæfir styrkleikum hvers og eins. Foreldrar ættu að setja í forgang að verja meiri tíma með börnunum sínum því það er margsannað að



Steinn Jóhannsson

meiri samvera með foreldrum er hvatning fyrir börnin til betri verka. Meiri samvera styrkir einnig samband ungmenna og foreldra og foreldramir verða um leið sterkari fyrirmyndir. Annað sem nefna mátt er að heimili og skóli taki höndum saman til að sporna við þessari þróun og aukið samstarf þar á milli væri jákvætt innlegg. Ég tel mikilvægt að Hafnarfjörður sem bæjarfélag taki á þessum málum og tryggi ungum hafnirskum ungmönnum framtíð sem er björt.

Höfundur skipar sjöunda sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnirski fréttavefurinn

Mikil þörf fyrir fleiri dagdvalarrými fyrir heilabílaða

Í rúmlega 10 ár hefur verið starfandi dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun í Drafnarhúsi að Strandgötu 75. Hafnarfjarðarbær hefur lagt til húsnæði fyrir starfseminna og kostaði þær lagfæringar sem gera þurfti í upphafi og sér um viðhald á húsnæði og garði, en reksturinn er í umsjón Alzheimersamtakanna samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið.

Í Drafnarhúsi eru einstaklingar sem eru með samþykkt færni- og heilsumat en ekki taldir í þörf fyrir vistun á stofnun.

Starfsemin hefur fest sig í sessi sem mikilvæg þjónusta við einstaklinga sem glíma við heilabilun en í húsinu eru 22 dagdvalarrými sem skiptast niður á fleiri einstaklinga.



Helga Ingólfssdóttir

FJÖLSKYLDURÁÐ VILL STYTTA BIÐTÍMA EFTIR ÞJÓNUSTU Í 3 MÁNUÐI

Biðlisti eftir þjónustunni hefur verið að lengjast og nú er svo komið að meðalbiðtími er um 12 mánuðir. Þann 1. desember síðastliðinn voru yfir 50 manns á biðlista og biðtími eftir þjónustu allt að eitt ár. Þessi langi biðtími er óásættanlegur og því hefur Fjölskylduráð ákveðið að fela sviðinu að gera greiningu á þörf fyrir þessa þjónustu til næstu ára sem taki mið af því

að biðtími verði ekki lengri en 3 mánuðir að jafnaði og í framhaldi verði teknar upp viðræður við heilbrigðisráðuneytið um samning um fleiri dagdvalarrými fyrir þennan hóp.

Höfundur er bæjarfulltrúi.

Barnaharpan á Björtum dögum

einstök tónlistarstund í Hljómu Austurgötu

Á Björtum dögum býður Hljóma börnum á aldrinum 3-6 ára í tónlistarstundir á Austurgötu. Þar gefst börnunum tækifæri til að kynna barnahörpunni og komast í snertingu við einstakan hljóðheim hennar, en hljóðfærið er sérhannað og tilvalið fyrir yngsta tónlistarfólkið.

„Við nálgumst barnahörpunna á hreyfandi og skapandi máta, og eigum saman einstaka stund í litlum hóp“, segir Inga Björk Ingadóttir, músíkmeðferðarfræðingur og tónlistarkennari, eigandi Hljómu á Austurgötu 38.

Tónlistarstundirnar verða kl. 11, 12 og kl. 13, sunnudaginn 22. apríl en takmörkuð þátttaka er í hverjum hóp. Tekið er á móti skráningum á netfanginu inga.bjork.inga@gmail.com.



Inga Björk Ingadóttir

Heitt verður á könnunni, bakkelsi og drykkir í boði fyrir börnin og foreldra. „Gæðastund fyrir fjölskylduna í hjarta bæjarins“, fullyrðir Inga Björk.



Vatnsskemmtir í Tónlistarskólanum

Drykkjarvatnsvél bilaði - töluverðar skemmdir

Það var óskemmtileg sjón að sjá þegar starfsmaður Tónlistarskólans í Hafnarfirði mætti til vinnu um hálf átta leytið um morguninn 4. apríl sl. Vatn var á gólfum og lak niður stiga af efri hæð. Þar var töluvert vatn og þegar betur var að gáð sást að vatn sprautaðist frá vatnsvél á kennarastofunni á annarri hæð.

Greinilegt var að vatn hafði lekið lengi en öryggisfyrirtæki hafði fengið boð úr skólanum á miðnætti en ekkert sást athugavert utanfrá og ekki var farið inn.

Vatn fór víða, m.a. inn á bókasafn skólans þar sem eru rafmagnstenglar í gólfi og þar fór vatnið niður og fossaði vatn niður í rafmagnstöflu á jarðhæð. Rafmagn hefur því farið af hluta skólans um miðnætti og tölvu- og símkerfi skólans urðu óvirk.

Slökkviliðið mætti á staðinn og hreinsaði upp vatnið og starfsfólk hafði í nógu að snúast við að þurrka hluti og athuga. Einhver hljóðfæri blotnuðu lítilliga en vonast var eftir að ekkert þeirra hafi orðið fyrir skemmdum.

Tenging við vatnsvélina hefur áður skemmt en þá seytlaði vatn frá henni.



Slökkviliðið notaði vatnssugur til að hreins upp vatnið.

Nú ákvað fyrirtækið sem leigir vélina að setja öryggisloka á vatnsinntakið sem á að fyrirbyggja að svona geti komið fyrir.

Hægt var að hefja kennslu eftir hádegi í öllum stofum nema tveimur. Töluverðar skemmdir urðu vegna vatnslekans á húsgögnum, hurðarkörmum og innréttingum auk þess sem rafmagnstafla skemmdist. Merki voru auk þess utan á skólanum að vatn hafði runnið út um vegg skólans á steypuskilum.



Vatn flæddi undir innréttingu og niður á næstu hæð.

Vill bráðabirgða-flutning á háspennulínu


Bæjarráð

Fulltrúar frá Landsneti, Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri og Guðjón Axel Guðjónsson lögfræðingur, mættu á fund bæjarráðs sl. fimmtudag en bæjaryfirvöld telja mjög alvarlegt ástand vera að myndast eftir að Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál felldi úr gildi framkvæmdaleyfi sem Hafnarfjarðarbær hafði veitt fyrir lagningu Lyklafellslínu.

Bæjarráð óskaði eftir því að fulltrúar Landsnets leggi fram á næsta fundi

ráðsins tímasetta áætlun um bráðabirgðaflutning á Hamraneslínu sem liggur yfir Skarðshlíð og Hamranes. Telur bæjarráð að ljóst sé að flutningur á háspennulínunum í hverfinu þoli ekki frekari bið. Því þurfi að grípa til bráðabirgðaflutnings hið fyrsta samhliða því að unnið verði að framtíðarlausn.

Samfylkingin sendi frá sér tilkynningu daginn áður þar sem lögð á áhersla á að Landsnet standi við gerða



Núna er rétti árstíminn fyrir trjá- og runnaklippingar.

Öll viljum við geta komist leiðar okkar um gangstéttar, göngustíga og götur bæjarins án þess verða fyrir skaða vegna trjágreina sem vaxa út úr gördum hvort sem við erum gangandi, hlaupandi, hjólandi eða akandi.

Í byggingarreglugerð grein 7.2.2. segir um tré og runna: „Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götur, gangstíga eða opin svæði er veghaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrýði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun.“

Lóðarhafar eru hvattir til að snyrta trjágróður sinn á lóðarmörkum eftir því sem við á svo allir megi komast öruggir og vandræðalaust leiðar sinnar en dæmi eru um það að trjágróður skyggi á umferðarmerki, götuheiti og jafnvel lýsingu og þannig viljum við ekki hafa það.

Á heimasíðu Mannvirkjastofnunar mannvirkjastofnun.is má kynna sér byggingarreglugerðina frekar.

Garðyrkjustjóri

Stendur til að reisa grindverk eða koma fyrir skjólvegg?

Um slíkar framkvæmdir gilda ákveðnar reglur sem vert er að kynna sér áður en farið er af stað.

Huga þarf að lóðarmörkum hvort heldur sem er við lóð nágrannans eða að bæjarlandi. Heimilt er að reisa skjólvegg og girðingar sem eru allt að 1,8m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8m. Sækja þarf um heimild til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar fari grindverk nær lóðarmörkum en hæð þess. Einnig skal leggja fram til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar samþykki nágranna/aðliggjandi lóðarhafa vegna grindverks á eða við lóðarmörk.

Við gerð grindverks og annarra skjólveggja eru íbúar einnig hvattir til að huga að því hvort slíkar framkvæmdir hafi mögulega áhrif á umferðaröryggi með skerðingu sjónrænna tenginga við götu og gangstétt.

Á heimasíðu Mannvirkjastofnunar á mannvirkjastofnun.is má kynna sér frekar byggingarreglugerðina undir flípanum lög og reglugerðir. Sérstaklega er bent á grein 2.3.5. fyrir þá sem eru í framkvæmdarhugleiðingum á lóð sinni en þar er m.a. fjallað um framkvæmdir á lóð, skjólveggi, girðingar og smáhýsi á lóð.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



samninga og að háspennulínurnar verði lagðar sem allra fyrst í jörð í gegnum Hafnarfjörð.

„Hagsmunir Hafnarfjarðarbæjar eru miklir enda ný íbúasvæði á Völlum og Skarðshlíð í næsta nágrenni, segir í tilkynningunni.“

SMÁAUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Nytjamarkaður

Nytjamarkaður Eyrartröð 5.

Opið kl. 13-18 mánudaga til laugardaga.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin **Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur**, með verkum Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur. Í Sverrissal er sýningin **Afstæði** þar sem sjá má ný málverk eftir Jón Axel Björnsson.

Aðalfundur

Fræðslu- og aðalfundur Sálarrannsóknarfélags Hafnarfjarðar er í **kvöld fimmtudag, kl. 20** í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar við Linnetsstíg. Fræðsluerindi flytur Alda Hrönn Jóhannsdóttir aðst. lögreglustjóri og aðallögfræðingur lögreglustjóraembættisins á Suðurnesjum og ræðir um heimilisofbeldi og mannleg samskipti tengd því. Allir velkomnir, kaffi á könnunni og frítt inn.

Tónleikar

12 manna strengjasveit flytur verk frá barrokttímabilinu í Hafnarborg á **laugardag kl. 17**. Yfirskrift tónleikanna er La stravanza. Frítt inn.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Kristín María fékk foreldra-verðlaunin öðru sinni

Mikil ánægja með störf hennar fyrir fjölgreinadeild Lækjarskóla

Kristín María Indriðadóttir, umsjónarmaður fjölgreinadeildar Lækjarskóla hlaut á þriðjudag Hvatningarverðlaun Foreldraráðs Hafnarfjarðar 2018 fyrir störf sín fyrir fjölgreinadeildina og þá krakka sem hana sækja. „Stína Mæja bjargar mannlífum að mínu mati. Nemendur sem voru farnir að upplifa sig tapara í nánast öllu, öðlast nýtt líf og nýja sýn á sig sjálf og umhverfið,“ segir m.a. í tilnefningu um Kristínu María.

Alls bárust 15 tilnefningar frá foreldrum og íbúum bæjarins um einstaklinga, félagsamtök eða stofnanir sem hafa stuðlað að auknu foreldrastarfi, bættum tengslum heimilis og skóla eða lagt að mörkum óeigingjarnar starf í þágu grunnskólabarna. Þau sem eru tilnefnd eru: Birna Dís Bjarnadóttir, grunnskólakennari, Guðrún Mjöll Róbertsdóttir, leikskólakennari, Frístundaheimili Hauka, Helga Björg Jóhannsdóttir, leiðbeinandi frístundar, Helga

Lofsdóttir kórstjóri, Hilmar Erlendsson grunnskólakennari Hraunvallaskóla, Hjördis Sigurbjartsdóttir foreldri, Hrafnhildur Helgadóttir, grunnskólakennari, Ingibjörg Thomsen, sérkennslufulltrúi, Jörgen Freyr Ólafsson,

handboltapjálfi, Kristinn Jónasson, körfuboltapjálfi, Kristín María Indriðadóttir fjölgreinadeild Lækjarskóla, Rannveig Hafberg, aðstoðarskólastjóri, Sigurborg Geirdal Ægisdóttir og Sjöfn Jónsdóttir, klifurpjálfi.



Kristín María í miðju ásamt þeim sem tilnefnd voru.



Kristín María Indriðadóttir.

HVATNINGAVERÐLAUN UNGMENNNAHÓPA

Starfsfólk grunnskólanna tilnefndi til hvatningarverðlauna ungmennahópa, sem hafa skarað fram úr í eflingu félagsstarfs, unnið að góðgerðarmálum eða stutt við þá sem minna mega sín, en þeir eru: 10. bekkur Viðistaðaskóla, 6.

bekkur Viðistaðaskóla, 8. bekkur Öldutúnsskóla og 7. bekkur Hraunvallaskóla en sá síðast nefndi hreppti verðlaunin en bekkurinn hafði safnað hári upphæð fyrir Reykjaferð en gáfu svo upphæðina til skólabróður með hvítblæði.



Hilmar Erlendsson grunnskólakennari með tveimur nemendum sínum.



BJARTIR DAGAR

18.-22.apríl



Kynntu þér dagskrána á hafnarfjordur.is



Blærinn faðmar bæinn

vortónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar



Glæsilegar söngkonur á tjarnarbrúnni við Tónlistarskólann.

Kvennakór Hafnarfjarðar heldur vortónleika í Hásölum fimmtudaginn 26. apríl kl. 20. Tónleikarnir bera yfirskriftina Blærinn faðmar bæinn og er dagskrá þeirra bæði fjölbreytt og metnaðarfull. Stjórnandi Kvennakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir en hljóðfæraleikarar á tónleikunum verða Antonia Hevesi sem leikur á píanó, Jóhann Hjörleifsson á slagverk og Jón Rafnsson á bassa. Einsöngvarar á tónleikunum verða úr röðum kórkvenna.

Síðast liðið ár var einkar viðburðaríkt hjá Kvennakór Hafnarfjarðar. Í sumarbyrjun hélt kórinn í söngferðalag til Suður-Týról og söng í ítölsku ölpunum og í nóvember tók kórinn þátt í keppninni Kórar Íslands á Stöð 2 og hélt jafnframt tónleika á Degi íslenskrar tungu. Kórstarf undanfarinna mánaða hefur því verið krefjandi en um leið lærdómsríkt og gefandi.

Á vortónleikunum í ár mun Kvennakór Hafnarfjarðar taka áheyrendur með sér í söngferðalag vítt og breitt um

heiminn, til Suður-Ameríku, Svíþjóðar, Bretlands og alla leið til Tékklands, Makedóníu og Grikklands. Að sjálf-sögðu verða nokkur íslensk sönglög með í för og mun kórinn syngja söngleikja- og kvikmyndatónlist í bland við hefðbundnari kórverk.

Miðar verða seldir hjá kórkonum og við innganginn en frítt er fyrir börn 12 ára og yngri. Tónleikagestum verður boðið að þiggja kaffi og konfekt í tónleikahléi.

Haukar bjartsýnir á fótboltahús

Segja nú ljóst að stórt upphitað knattþús verði byggt á Ásvöllum

Mikill hugur er í Haukamönnum og þeir pressa stíft í aðdraganda kosninga á að ráðist verði í byggingu upphitaðs knattspymuhúss í fullri stærð.

Í frétt frá Haukum segir að undanfarin misseri hafa forráðamenn Hauka unnið að undirbúningi að byggingu knattþúss að Ásvöllum og segja þörf fyrir byggingu knattþúss hafi lengi legið fyrir. Nú sé hins vegar ljóst að stórt upphitað knattþús verður byggt á Ásvöllum.

Síðastliðinn föstudag fóru fulltrúar Hauka ásamt Harlbæjarstjóra, Rósu Guðbjartsdóttur formanni bæjarráðs, Sigurði Haraldssyni sviðsstjóra, Karó-

línu Helgu Símardóttur formanni íþrótt- og tómstundaneðfingar og Geir Bjarnasyni íþrótt- og tómstundafultrúa í skoðunarferð til að kynna sér byggingu nokkurra knattþúsa sem þegar hafa verið reist.

Haukar hafa þegar sett af stað deiliskipulagsvinnu við undirbúning að byggingu knattþússins. Í svari við fyrirspurn til bæjarstjóra segir að verið sé að skoða færslu á knattþúsi sem er á núverandi deiliskipulagsupprætti sunnan við gervigrasvöll á Ásvöllum. Samhliða þessu er verið að skoða möguleika á íbúðabygð næst íbúðabygðinni á Völlum á svæði Hauka

skv. hugmynd sem Haukamenn hafa lagt fram. Segir í svarinu að þessi skoðun sé á frumstigi.

Haukar segja að í ár verði unnið að forhönnun hússins og víða leitað fanga til að byggingin uppfylli sem best þær kröfur sem Haukar og íbúar kalla eftir. Haukar leggja mikla áherslu á að saman fari metnaður í uppbyggingu á Ásvöllum og að horft sé til þjónustuframboðs í takt við ört stækkandi íbúabygð.

„Með vísan í ofanritað er ánægjulegt að horfa til þess að innan örfárra missera verði risið knattþús í fullri stærð að Ásvöllum“ segir í frétt Hauka.



Á kynningarmynd sem Haukar bjartu er húsið staðsett nyrst á svæðinu næst Ástjörnninni.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

12. apríl kl. 16, Ásvellir
Haukar - Valur, úrslitakeppni kvenna

13. apríl kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Afturelding, úrslitakeppni karla

14. apríl kl. 16, Varmá
Afturelding - FH, úrslitakeppni karla

14. apríl kl. 16, Valshöllin*
Valur - Haukar, úrslitakeppni karla

14. apríl kl. 16, Valshöllin*
Valur - Haukar, úrslitakeppni kvenna

15. apríl kl. 16, Varmá
Afturelding - FH, úrslitakeppni karla

16. apríl kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Valur, úrslitakeppni karla

18. apríl kl. 19.30, Valshöllin
Valur - Haukar, úrslitakeppni karla

16. apríl kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Afturelding, úrslitakeppni karla

* Ef oddaleikur verður hjá konunum verður karlaeikurinn kl. 18.

ÚRSLIT KVENNA:

Grótta - FH: 19-18

Valur - Haukar: 22-23

FH - Grótta: 15-16

Haukar - Valur: 23-22

Grótta - FH: 20-23

Valur - Haukar: 22-20

Körfubolti:

14. apríl kl. 1.30, Frostaskjól
KR - Haukar, úrslitakeppni karla

16. apríl kl. , Ásvellir
Haukar - KR, úrslitakeppni karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Skallagrímur: 77-63

Skallagrímur - Haukar: 64-75

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - KR: (miðvikudag)

KR - Haukar: 88-80

Haukar - KR: 76-67

Knattspyrna:

12. apríl kl. 18.30, Ásvellir
Haukar - Selfoss, bikar kvenna B deild

13. apríl kl. 20, Akraneshöllin
Stál-úlfur - ÍH, bikar karla C/R4

ÚRSLIT KARLA:

Stál-úlfur - ÍH: 0-4

Hins vegar þarf margt að gerast að það verði raunveruleiki þar sem aðeins er áætlaðar 1.550 milljónir kr. til bygginga íþróttamannvirkja til 2021 en í forgangs röðun ÍBH er knattþús í Kaplakrika fremst í röðinni, reiðhöll Sörla númer 2 og knattþús Hauka í þriðja sæti. Ljóst er að allar þessar byggingar kosta miklu meira en 1.550 milljónir kr. og það væri dýrt kosningaloforð að gefa.

Hafnarfjarðarbær hefur tekið þá stefnu að byggja á eigin kostnað íþróttamannvirkni en við byggingarkostnað bæstir rekstrarkostnaður mannvirkjanna. Það verður því spennandi að sjá hvort lofikastalar Haukanna verði að raunveruleika á næstu árum.

ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Löglegt en siðlaust - eða bæði?

Bæjarfulltrúi fluttur úr bænum en flutti lögheimili til ættingja og heldur sæti sínu

Einar Birkir Einarsson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sem hefur flutt í Kópavog, segir í svari til Fjarðarfrétta engan vafa leika á kjörgengi sínu sem bæjarfulltrúi og muni hann gegna störfum sínum og skyldum fyrir Hafnarfjörð af kostgæfni, hér eftir sem endranær.

Lýkur hann svari sínu með þessum orðum: „Meira hef ég ekki að segja um málið“.

Fjarðarfréttir hefur itrekað spurningu um það hvort honum finnst eðlilegt að skrá lögheimili þitt í Hafnarfirði, aðeins til að halda sæti sínu, en hefur ekki fengið svar.

Einar Birkir hefur flutt lögheimili sitt á heimili ættingja að Grænuvík 1 í Hafnarfirði en býr sjálfur á Álfheiði 13 í Kópavogi.

Einar Birkir var kjörinn fyrir Bjarta framtíð í bæjarstjórn en hefur ásamt Guðlaugu Svölu Steinunnar Kristjáns-

**FLUTTUR Í KÓPAVOG***Einar Birkir Einarsson.*

dóttur sagt sig úr Bjartri framtíð og halda þau áfram í bæjarstjórn sem óháðir bæjarfulltrúar.

Til að geta átt setu í bæjarstjórn þarf viðkomandi að hafa lögheimili í Hafnarfirði sem Einar Birkir sannanlega hefur en sú skráning er ekki samkvæmt lögum um lögheimili enda býr hann að Álfheiði 13 í Kópavogi og hefur gert um nokkurt skeið.

Í 30. grein sveitarstjórnarlaga segir:

„Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi samkvæmt hefðbundnum reglum.“

Ekkert hefur komið fram sem bendir til að aðrir bæjarfulltrúar ætli að draga rétt hans til að sitja í bæjarstjórn í efa.

Ársreikningur lagður fram

Góð afkoma Hafnarfjarðarbæjar

Bæjarráð samþykkti ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017 á aukafundi sínum á mánudag til þess að ná honum inn til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundum í gær, miðvikudag. Fulltrúar minnihlutans mótmæltu að svona mikilvægt mál fengi flýtimeðferð og töldu vinnubrögðin ólýðræðisleg og sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Rekstrarniðurstaðan er jákvæð um 740 milljónir kr., 694 milljónum betri en áætlað var og 772 milljónum betri þegar B-hluta fyrirtækin eru tekin með.

Mestu munar að fjármagnsgjöld eru 580 milljón kr. lægri en áætlað var. Rekstrartekjur voru í heild 1.443 milljónum kr. hærri en áætlað hafði verið en útgjöld voru 1.243 milljónum kr. hærri en áætlað hafði verið.

Breyting á lífeyrisskuldbindingu var 1.047 milljónum krónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þar munaði mestu um 677 milljóna króna gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016.

Skuldir og skuldbindingar lækka úr 40,2 milljörðum í 39,2 milljarða eða um 1.030 milljónir kr.

Fjárhagsstaða bæjarins heldur áfram að styrkjast og skuldaviðmið í árslok var 135% og hafði lækkað á árinu úr 148%. Skuldahlutfall bæjarins er hins vegar 159% en það er heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af rekstrartekjum.

Fjárfestingar á árinu 2017 námu 3.305 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir 3.816 milljónum króna.

**SKOKKHÓPUR HAUKA****HLAUPANÁMSKEIÐ****FYRIR BYRJENDUR**

Mánudaginn 16. apríl kl. 17.30 að Ásvöllum

ÆFINGATÍMAR

mánudagar kl. 17.30

miðvikudagar kl. 17.30

laugardagar kl. 9.00

Verð 12.000 kr. með aðild til 1. sept.
Hentar öllum getustigum**8 VIKUR**Frábær hreyfing
Góður félagsskapurNánari upplýsingar haukarskott@gmail.com
og facebook: Skokkhópur Hauka - Nýliðar 2018